

ákvarðana um einstefnuakstur. Merki þetta er hringlaga (eða ferhyrnd) málm- 7
plata, rauð að lit, áletruð hvítum stöfum.

2. Bifreiðastöður bannaðar. Merki þetta stendur þar sem bifreiðastæði eru 8. jan.
bönnuð. Það er ýmist hringlaga eða ferhyrnt að lögun. Stafir eru svartir á hvítum grunni. Áletrun er sums staðar: Bifreiðastæði bönnuð — eða Bifreiðastöður bannaðar beggja vegna götunnar.

Framangreind ákvæði um aðalbrautir, einstefnuakstur og bifreiðastöður öðlast gildi jafnóðum og viðeigandi umferðarmerki verða sett upp.

Bæjarfógetinn í Akraneskaupstað, 8. janúar 1957.

Þórhallur Sæmundsson.

AUGLÝSING

8

7. jan.

um breytingar á greiðslufyrirkomulagi sjúkradagpeninga og fæðingarstyrks.

Sjúkradagpeningar.

Frá og með 1. janúar 1957 greiða sjúkrasamlögin samlagsmönnum sjúkradagpeninga samkvæmt hinum nýju lögum um almannatryggingar. Frá sama tíma falla niður sjúkrabótagreiðslur Tryggingastofnunar ríkisins.

Ber því öllum, sem sækja um sjúkradagpeninga vegna veikinda eftir árslok 1956, að senda umsóknir til sjúkrasamlags þess, sem þeir eru í. Utan kaupstaða annast formenn héraðssamlaga (sýslumenn) útborgun sjúkradagpeninga fyrir samlögin.

Fæðingarstyrkur.

Frá og með 1. janúar 1957 hækkar grunnupphæð fæðingarstyrks Tryggingastofnunar ríkisins úr kr. 600 í kr. 900 (þ. e. úr kr. 1068 í kr. 1602 miðað við 178 stiga vísitölu). Frá sama tíma hætta sjúkrasamlögin að greiða sérstakan fæðingarstyrk eða dvalarkostnað sængurkvenna á sjúkrahúsi eða fæðingarstofnun fyrstu níu dagana við hverja fæðingu.

Tryggingastofnun ríkisins 7. janúar 1957.

Haraldur Guðmundsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 161 29. des. 1956, um söluskatt.

1. gr.

Erlendar bækur skulu undanþegnar söluskatti við innflutning. Undanþágan tekur ekki til prentunar, útgáfu, sölu eða afhendingar á innlendum bókum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 21. janúar 1957.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenzzson.